

AUGLÝSING

217

12. okt.

um að fellt verði niður framleiðslugjald af saltsíld og öðrum afurðum úr Norðurlandssíld.

Þar sem síldveiðarnar fyrir Norðurlandi brugðust að verulegu leyti á þessu sumri, hefur ríkisstjórnin ákveðið samkvæmt heimild í 11. gr. laga nr. 22/1950 um gengisskráningu o. fl., að fellt verði niður framleiðslugjald af saltsíld og öðrum afurðum úr Norðurlandssíld.

Skilyrði fyrir niðurfellingu framleiðslugjaldsins eru þessi:

1. Að síldarverksmiðjurnar greiði útvegsmönnum 5 kr. fyrir hvert mál bræðslusíldar til viðbótar áður greiddum kr. 65.00.
2. Að síldarútvegsefnd greiði útvegsmönnum 12 kr. til uppbótar á hverja síldartunnu til viðbótar áður greiddum kr. 110.00.
3. Um viðbótargreiðslur þessar til útvegsmanna skal að öðru leyti fara samkvæmt reglum, er ráðuneytið setur.

Hafi framleiðslugjald þegar verið innheimt af lögreglustjórum, skal það endurgreitt útflytjendum, sem ber að greiða það í samræmi við framangreindar reglur.

Atvinnumálaráðuneytið, 12. október 1950.

Ólafur Thors.

Gunnl. E. Briem.

GJALDSKRÁ

218

14. okt.

fyrir Rafveitu Patrekshrepps.

I. RAFORKA

Rafveita Patrekshrepps selur raforku á þann hátt og við því verði, sem hér segir:

A. Lýsing.

Um kwst.mæli á kr. 2.00 hverja kwst.

B. Almenn heimilisnotkun.

Um kwst.mæli á 70 auru hverja kwst., auk fastagjalds, er nemi 60 aurum á mánuði af hverjum fermetra gólfflatar herbergja í íbúð.

Til herbergja í íbúð skal telja öll herbergi, sem ætluð eru sem íveruherbergi, og eldhús, en ekki ganga, baðherbergi eða geymslur.

C. Vélanothkun.

Um kwst.mæli á kr. 1.00 hverja kwst. Hafi vélarnar mjög stuttan notkunartíma á ári, má krefjast minnsta árgjalds, kr. 200.00 á hvert uppsett kw. vélanna.

D. Önnur raforkunothkun.

1. Til bökunarofna í brauðgerðarhúsum má selja um kwst.mæli á 50 auru hverja kwst.